

13.2.2015

Góðan dag

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til Isavia ohf. frá 9. febrúar sl. þar sem óskað var umsagnar félagsins um frumvarp til laga um loftslagsmál (EES-reglur, geymsla koltvíoxíðs, vistvæn ökutæki), 424. mál.

Isavia þakkar fyrir tækifæri til að skila umsögn um þetta mál. Isavia er opinbert hlutafélag að fullu í eigu ríkisins og fellur sem slíkt undir gildissvið laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Það er því ljóst að þær breytingar sem frumvarpið leggur til að gerðar verði á lögum nr. 70/2012 vegna innleiðingar á tilskipun 2009/33/EB munu hafa áhrif á starfsemi félagsins, nái þær fram að ganga. Félagið gerir ekki athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins er þetta varða en tekur undir það, sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að nauðsynlegt er að skýra nánar hvað hvaða innkaup falla undir ákvæði 3. gr. frumvarpsins. Þá vill félagið koma því á framfæri að við setningu reglugerðar í þeim tilgangi er nauðsynlegt að haft verði samráð við þá aðila sem málið varðar, þ.m.t. Isavia ohf.

Með kveðju,

Glóey Finnsdóttir

Lögfræðingur, skrifstofa þróunar og stjórnunar Isavia, Reykjavík
Lawyer, Isavia Development and Administration Office, Reykjavík

Sími: +354 424 4303

Farsími: + 354 860 4466



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23.02.2015
Tilvísun vor: 00.11

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (EES-reglur, geymsla koldíoxíðs, vistvæn ökutæki), 424. mál**

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun rýnt frumvarp til laga um breytingar á lögum 70/2012, 424. mál.

Í frumvarpinu er á skýran hátt tekið fram að breytingar þessar eigi ekki við um niðurdælingu frá vinnslu jarðvarma. Landsvirkjun telur því að fyrirbyggjandi frumvarp hafi ekki áhrif á starfsemi fyrirtækisins og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það.

Virðingarfyllt



Hörður Arnarson
forstjóri

Reykjavík, 19.02.2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Athugasemdir OR um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál

Við er til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var samráð haft við Orkuveitu Reykjavíkur (OR) við vinnslu þess, sem aðstandanda CarbFix og SulFix verkefnanna og gekk það samráð með þryðum. OR telur rétt að koma eftirfarandi á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd í tilefni þess að frumvarpið er nú til meðferðar hjá nefndinni.

Í fyrsta lagi bendir OR á mikilvægi þess að gætt sé að hugtakanotkun þegar rætt er um niðurdælingu jarðhitavökva og að tryggt sé að notuð séu rétt hugtök í hverju tilviki fyrir sig. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í CarbFix og SulFix verkefnum sé um að ræða bindingu koldíoxíðs í formi kolsýru. Er þar um aðra aðferð að ræða en tilskipun 2009/31/EB tekur til enda er þar miðað við niðurdælingu koldíoxíðs sem geymt er við yfirmarksástand en slík geymsla krefst ákveðinna jarðfræðilegra aðstæðna líkt og fjallað er um í athugasemdunum. Þessi aðferð er ekki raunhæfur kostur hér á landi enda aðstæður allt aðrar, t.d. eru hér ekki olíu- og gaslindir auk þess sem jarðhræringar eru algengar. Í CarbFix og SulFix verkefnum er um niðurdælingu að ræða sem leiðir til þess að uppleyst gös bindast í basalti og kristallast í jarðlögum. Er því ekki um ámóta hættu á leka til yfirborðs að ræða eins og þegar um niðurdælingu koldíoxíðs er að ræða.

Þar sem tilskipunin tekur mið af annarri aðferð en OR viðhefur í CarbFix og SulFix verkefnum, lítur fyrirtækið því sem svo á að ákvæði hennar um bann við niðurdælingu koldíoxíðs taki ekki til framangreindra verkefna þar eð þau miði ekki að því að dæla niður koldíoxíði við yfirmarksástand heldur *kolsýru* sem er aðferð sem ekki sé fjallað um í tilskipuninni. Á þennan skilning virðist umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafa fallist með þeirri orðanotkun sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu (sbr. III. kafli *Meginefni Frumvarpsins: Tilskipun 2009/31/EB* (2. og 3. mgr.)). OR gengur því út frá því að a. liður 3. gr. frumvarpsins um bann við geymslu koldíoxíðs komi ekki til með að taka til áðurgreindra verkefna.

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að OR hafi sent inn athugasemdir í opnu samráði Framkvæmdastjórnar ESB vegna vinnu við endurskoðun tilskipunar 2009/31/EB sbr. 38. gr. hennar. Lutu þær m.a. að því að skýrar þyrfti að koma fram að heimilt væri að nýta aðrar aðferðir en þær sem miða að því að dæla niður koldíoxíði og að tilskipunin virtist ekki taka til þeirrar aðferðar sem nýtt væri hér á landi í framangreindum verkefnum. Samantekt samráðsferilsins liggur nú fyrir í skýrslu sem gefin var út í janúar sl. og er athugasemda OR þar getið.¹

OR fagnar þeirri tillögu sem lögð er fram í b. lið 3. gr. frumvarpsins enda mikil áhersla lögð á það að velja vistvæn og orkunýtin farartæki meðal annars út frá þeim viðmiðum sem gengið er út frá í b. lið 3. gr. Hins vegar verður að benda á að OR hefur ekki litið sem svo á að fyrirtækið falli undir skilgreiningu 3. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup enda verður stórum hluta starfseminnar jafnað við starfsemi einkaaðila. Til að tryggja að b. liður taki til fyrirtækja á borð við OR sem er í opinberri eigu leggur fyrirtækið til við umhverfis- og samgöngunefnd að skylda samkvæmt liðnum hvíli á aðilum sem eru að meirihluta í eigu opinberra aðila.

¹ Skýrslan er aðgengileg hér: <http://www.ccs-directive-evaluation.eu/final-report/>

Að lokum er rétt að nefna b. lið 5. gr. frumvarpsins um ákvæði VI. til bráðabirgða varðandi endurskoðun bannsins sem lagt er til með a. lið 3. gr. frumvarpsins. Að framan hefur verið lýst túlkun OR á tilskipun 2009/31/EB sem verið er að innleiða með frumvarpinu sér í lagi hvað varðar gildissvið hennar og þar með banns í a. lið 3. gr. Ef skilningur Alþingis er annar en OR hvað þetta varðar, þ.e. að bannákvæðið taki eingöngu til koldíoxíðs en ekki kolsýru, er mikilvægt að hugað verði að endurskoðun ákvæðisins mun fyrir þar sem nú þegar er hafinn tilraunarekstur á niðurdælingu uppleystra jarðhitagasa ($H_2CO_3(aq)$ og $H_2S(aq)$) í iðnaðarskala og miðað við núverandi stöðu er ljóst að 100 kílótonnum verður fljótt náð. Nú er dælt niður um 5.000 – 6.000 tonnum á ári af kolsýru í SulFix verkefninu og allt útlit er fyrir að niðurdælingin verði aukin hratt. Viðmiðunarmörkunum yrði því fljótt náð verði litið sem svo á að bannákvæðið taki til verkefnisins.

Virðingarfyllt,



Hólmfríður Sigurðardóttir
Umhverfisstjóri



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Samorka

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

23. febrúar 2015

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (EES-reglur, geymsla koldíoxíðs, vistvæn ökutæki), 424. mál.

Samorka vísar til umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur dags. 19. þessa mánaðar, og taka samtökin undir með henni.

Áhersla skal lögð á mikilvægi þess að fyrirhugað bann við niðurdælingu koldíoxíðs taki ekki til svonefndra Carbfix- og Sulfix-verkefna, enda miða þau að niðurdælingu *kolsýru*. Líkt og bent er á í umsögn OR fjallar tilskipunin um niðurdælingu *koldíoxíðs*, ekki *kolsýru*. Þegar er hafinn tilraunarekstur á niðurdælingu uppleystra jarðhitagasa á iðnaðarskala, m.a. til að hreinsa brennisteinsvetni úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar, sem er stærsta umhverfismál sem umrætt fyrirtæki tekst á við í sínum rekstri.

Líkt og kemur fram í umsögn OR má ætla að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fallist á þennan skilning, sbr. orðalag 2. og 3. mgr. III. kafla athugasemda með frumvarpinu. Að ósekju mætti þessi skilningur þó jafnframt koma fram í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar, til frekari áréttingar og lögskýringar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2015
UST201502-446

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál 424. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefnd) dags. 9. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um loftslagsmál (EES-reglur, geymsla koldíoxíðs, vistvæn ökutæki), 424. mál, til umsagnar Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur tekið frumvarpið til skoðunar og hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 1. gr.

Í 1. gr. í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við eftirfarandi skilgreiningu í 3. gr. laganna: „*Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum: er niðurdæling og geymsla koldíoxíðs neðanjarðar í jarðlögum.*“

Umhverfisstofnun leggur til að skilgreininginni verði breytt þannig að hún sé skýrari og taki af hugsanlegan vafa um það hvort niðurdæling ein og sér, án geymslu, geti talist til geymslu koldíoxíðs í jarðlögum sem og að færa hana til betra samræmis við enska skilgreiningu hugtaksins sem er að finna í tilskipun 2009/31/EB: „*‘geological storage’ of CO₂ means injection accompanied by storage of CO₂ streams in underground geological formations.*“

Lagt er til að 1. gr. orðist svo:

„Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. laganna.

Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum: er niðurdæling ásamt geymslu koldíoxíðs í jarðlögum neðanjarðar.*“

Um b-lið 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins

Í umsögn sinni til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um ákvæði frumvarpsdraganna gerði Umhverfisstofnun athugasemd við ákvæði um innkaup opinberra aðila á vistvænum bifreiðum. Í umsögninni sagði: „*Í ljósi stefnu ríkisins um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur sem ríkisstjórn Íslands samþykkti í apríl 2013 og í ljósi þess að nú þegar hafi verið sett*

umhverfisskilyrði um samgöngur¹ sem taka mið af tilskipun 2009/33/EB og nota skal við opinber innkaup á bifreiðum telur Umhverfisstofnun að tilskipunin sé innleidd og því þurfi ekki að innleiða efni tilskipunarinnar með þeim hætti sem lagt er til í 3. gr. b í frumvarpinu. Umhverfisstofnun leggur þó til að ráðuneytið sendi erindi til stýrihóps um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur um að farið verði yfir hvort einhver ákvæði vanti til að tilskipunin sé að fullu innleidd.

Með vísan til framangreinds leggur Umhverfisstofnun því til að ákvæðið 3. gr. b í heild sinni verði ekki felld undir lög nr. 70/2012.“

Umhverfisstofnun ítrekar framangreinda athugasemd sína og leggur því til að ákvæði b-liðar 3. gr. í frumvarpinu verði í heild sinni felld niður.

Verði ekki fallist á ofangreinda tillögu Umhverfisstofnunar vill stofnunin benda á að ákvæðið b-liðar 3. gr. á betur heima í lögum og/eða reglum um opinber innkaup. Að mati stofnunarinnar samrýmist slíkt fyrirkomulag meginreglunni um samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið auk þess sem slíkt fyrirkomulag er skýrara og fyrirsjáanlegra og því í betra samræmi við meginregluna um réttaröryggi. Þannig væri ákvæði að finna í sömu löggjöf og lægi beinast við að leita til þegar aðili hyggst á opinber innkaup á ökutæki og vantar upplýsingar um hvaða reglur gildi um slík innkaup. Ef tillagt ákvæði verður hins vegar felld inn í lög nr. 70/2012 eru meiri líkur á að ákvæðið fari bæði framhjá þeim aðilum sem ber að fylgja ákvæðinu og framhjá þeim sem eiga hagsmuna að gæta að farið verði að ákvæðinu. Auk þess skapar tillagt ákvæði óvissu um hver fari í raun með eftirlit með framkvæmd ákvæðisins og beiting mögulegra viðurlaga vegna brota á ákvæðinu sem og óvissu um kæruleið ákvarðana sem fela í sér brot á ákvæðinu.

Þá vill Umhverfisstofnun benda á að stofnunin hefur ekki yfir að búa sérfræðipokkingu til að meta eiginleika bifreiða m.t.t. líftíma. Sé ákvæðinu ætlað að bæta við núverandi verkefni og hlutverk Umhverfisstofnunar og þannig færa hlutverk frá Ríkiskaupum þarf slíkt að vera skýrt auk þess sem liggja þarf fyrir kostnaðarmat og fjárveiting vegna þess verkefnis verði tillagt ákvæði að lögum.

Óháð framangreindu vill Umhverfisstofnun benda á atriði varðandi orðlag ákvæðisins. Í stað þess að segja „yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu“ mætti til að auka skýrleika segja „yfir viðmiðunarfjárhæðum vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu“.

Athugasemdir við greinargerð

Um kaflann: V. Mat á áhrifum

Í umfjöllun um áhrif bráðabirgðaákvæðis a-liðar 5. gr. frumvarpsins er talað um að fjöldi flugrekenda fari niður í fjóra. Umhverfisstofnun vill benda á að ekki er tímabært að fullyrða um endanlegan fjölda þeirra flugrekenda sem ber skylda til að skila losunarskýrslu og gera upp losunarheimildir. Endanlegt mat á því er nú í vinnslu og verður í fyrsta lagi ljóst eftir að tímastir fyrir skil á losunarskýrslum og skilum á losunarheimildum eru liðnir. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum stofnunarinnar eru umræddir flugrekendur þó fimm talsins en sú tala gæti breyst eins og áður segir.

¹ Umhverfisskilyrði um samgöngur má finna á vefsíðunni [vinn.is: http://www.vinn.is/pdf/samgonguskilyrði.pdf](http://www.vinn.is/pdf/samgonguskilyrði.pdf)

Neðarlega í umfjölluninni um áhrif bráðabirgðaákvæðis a-liðar 5. gr. frumvarpsins segir:

„Þá skal það tekið fram að flugrekandi í umsjón Íslands sem samkvæmt nýju gildissviði er undanskilinn skyldu til að skila skýrslu eða því að gera upp heimildir vegna þess að heildarlosun hans á ári er minni en 1.000 tonn getur að nýju þurft að skila skýrslu og gera upp heimildir ef hann eykur eða breytir flugstarfsemi sinni. Flugrekendum sem þurfa að skila skýrslu til Umhverfisstofnunar getur því fjölgað milli ára. Enn fremur getur flugrekendum sem þurfa að skila skýrslu fjölgað vegna tilkomu nýrra flugrekenda.“

Umhverfisstofnun vill benda á tvennt í þessari umfjöllun til að auka skýrleika. Annars vegar er í fyrri hluti hennar verið að vísa til flugrekenda án þess að geta þess að um sé að ræða flugrekendur sem eru ekki með flugrekstur í atvinnuskyni. Hins vegar að rétt hefði verið að bæta því við umfjöllunina að fjöldi þeirra flugrekenda, sem stunda flugstarfsemi í atvinnuskyni, sem þurfa að skila skýrslu og gera upp heimildir gæti breyst í takt við breytta flugstarfsemi flugrekandans.

Umhverfisstofnun vill jafnframt taka fram til að auka skýrleika að miðað við núverandi upplýsingar mun fjöldi flugrekenda sem skila ber skýrslu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda fara úr 33 í fjóra til fimm á árinu 2015. Auk þess vill stofnunin ítreka það sem áður hefur komið fram í frumvarpinu að tölurnar um fjölda flugrekenda sem þurfa að skila skýrslu og gera upp heimildir í ár væru ekki orðnar endanlegar. Auk þess sem fjöldi flugrekenda sem þurfa að skila skýrslu, gera upp losunarheimildir og eiga reikning í skráningakerfinu getur tekið breytingum milli ára vegna breyttrar flugstarfsemi flugrekenda eða vegna tilkomu nýrra flugrekenda eins og áður hefur komið fram.

Virðingarfyllst

Hilda Guðný Svavarsdóttir
Lögfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri

